

FRÆDSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 11. MAÍ 2015 Í KIRKJUHVOLI

138. FUNDUR

DAGSKRÁ

Mættir: Auðbjörg B. Bjarnadóttir, formaður, Arndís Jóhanna Harðardóttir, varaformaður, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Eyrún Elvarsdóttir, ritari. Sverrir Gíslason boðaði forföll.

Fræðslunefnd – Heilsuleikskólinn Kæríbær

Mætt eru: Þórunn Júlíusdóttir, leikskólastjóri og Sunneva Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra.

Kl 09:15 – 09:50

1. Áætlun um innra mat

Þórunn leggur fram til kynningar drög að innra mati.

2. Starfsmannamál

Umræða var um stöðugildi, afleysingar og fyrirkomulag.

Þórunn Júlíusdóttir hefur lagt inn uppsagnarbréf, þegar hefur verið auglýst eftir nýjum leikskólastjóra og er gert ráð fyrir að hann hefji störf eftir sumarleyfi.

Fræðslunefnd þakkar Þórunni kærlega fyrir gott störf og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

3. Viðhald leikskólalóðar

Nokkrar umræður voru um nauðsynlegar úrbætur á lóð leikskólans, brýnt að koma því af stað sem allra fyrst.

Fræðslunefnd bókar:

„Nefndin minnir sveitarstjórn á bréf frá foreldrum Heilsuleikskólans Kærabæjar dagsett 24. september 2014, efni: endurbætur og viðhald. Fræðslunefnd tekur heilshugar undir efni bréfsins og skorar á sveitastjórn Skaftárhrepps að fylgja eftir nauðsynlegum úrbótum á lóð leikskólans sem og athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.“

4. Önnur mál

Umræða um Sunnlenska skóladaginn, ef að til kemur að dagurinn verði haldinn þá þarf auka starfsdag.

Fræðslunefnd – Tónlistarskóli

Mættur: Brian Roger Haroldsson, skólastjóri

Kl 09:50 – 10:20

1. Málefni tónlistarskóla

Skólaslit verða haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli 22. maí næstkomandi. Tónlistarskólinn verður með tónleika.

2. Starfsmannamál

Brian Roger Haroldsson mun leggja fram uppsagnarbréf um næstu mánaðarmót.

ADJ
EE
RHS
ABIS

Brian leggur fram bókun:

„Með leyfi vil ég gjarnan þakka Skaftárhreppi fyrir 12 frábær ár, hér er svo sannalega gott að vera fyrir hönd okkar beggja. Ég vil endilega þakka Kjartani, Þórunni og öllum kennurum í báðum skólum fyrir frábært samstarf. Jóni Þorbergssyni fyrir tæknilega aðstoð og góða samvinnu og Kristínu Ásgeirsdóttur fyrir góðan mat. Vill sérstaklega þakka fræðslunefnd fyrir stuðninginn og þolinmæði. „

Fræðslunefnd þakkar Briani kærlega fyrir gott starf og óskar honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

3. Önnur mál

Brian tekur að sér að gera lista af hljóðfærum og eignum tónlistarskólans, hlóðfæraskrá og skila því til formanns fræðslunefndar.

Fræðslunefnd – Kirkjubæjarskóli á Síðu

Mætt eru: Kjartan Hjalti Kjartansson, skólastjóri, Karitas Kristjánsdóttir fulltrúi kennara, Þórunn Edda Sveinsdóttir fulltrúi foreldra mætti ekki.

Kl 10:25- 11:00

1. Málcfni grunnskólans

Kjartan fór yfir starf vetrarins eftir áramót, hefur verið með hefðbundnum hætti. Framundan er vorhátíð og skólaslit föstudaginn 22. maí 2015 í félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

2. Skólapúlsinn

Kjartan fer yfir helstu niðurstöður skólapúlsins, 1.-7. bekk og 7.-10. bekk, verður aðgengilegt á heimasíðu skólans.

3. Starfsmannamál

Jóhann Gunnar Böðvarsson lætur af störfum sem íþróttakennari Kirkjubæjarskóla á Síðu, búið er að auglýsa eftir nýjum íþróttakennara umsóknarfrestur, rennur út 15. maí 2015. Fræðslunefnd þakkar Jóhanni kærlega fyrir góð stöf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Umræða um starfsmannamál.

4. Viðhald skólahúsnæðis

Jón Þorbergsson hefur verið að vinna í þeim úrbótum í samræmi við athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins.

Kjartani er falið að gera verkefnalista varðandi viðhald og skila honum til formanns fræðslunefndar.

Umræða um skólalóðina.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fræðslunefnd:

Eyrún Elvarsdóttir (D) vikur úr nefnd til frambúðar vegna flutninga og Rakel Pálmadóttir (D) varamaður tekur sæti í hennar stað.

Fræðslunefnd þakkar Eyrún fyrir gott starf og óskar hennar velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Arndís J. Hardard.
Eyrún Elvarsdóttir.
Ragnheiður Hlín Simonard.
Aubjörn Þ. Bjarnadóttir.